

Nd.

125. Breytingartillögur

[49. mál]

við frv. til l. um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Niður falli úr 1. línu orðið „lausráðna“.
2. Við 3. gr. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal þar tekið fram, hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Ráðningarnefnd ríkisins skipa þrjú menn, formaður fjárveitinganefndar, einn skipaður af ríkisstjórninni og einn af fjármálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar.
Varamann formanns fjárveitinganefndar skipar fjárveitinganefnd, en ríkisstjórn og fjármálaráðherra sinn hvor varamann.
4. Við 9. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:
Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.
5. Við 10. gr. Niður falli úr 1. línu orðin „og 2.“